

Svar við fyrirspurn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Stýribúnaður umferðarljósa og úrskurður kærunefndar útboðsmála nr. 32/2019

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins, sem barst þann 21. janúar sl., um stýribúnað umferðarljósa og úrskurð kærunefndar útboðsmála í máli 32/2019. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Á fundi borgarstjórnar boðaði ég að ég myndi leggja fram ítarlegan spurningalista vegna umferðarljósastýringarmála í Reykjavík. Þær eru hér fram lagðar og óskað er eftir að þeim verði svarað innan þess frests sem samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar leyfa.

1. Hvers vegna fór Reykjavíkurborg í innkaup á MSU - miðlægri stýritölvu umferðar - svo stuttu fyrir undirritun samgöngusáttmálans og í að auglýsa rammasamning 14356 degi fyrir staðfestingu borgarinnar á sáttmálanum?
a. Er það eðlilegt að strax í kjölfarið að fara í útboð á rammasamning upp á fleiri hundruð milljóna sem skilyrt voru þessari sömu stjórnölvu? b. Stendur borgarstjóri við þessa ákvörðun og telur hann að hún hafi verið rétt og réttmæt? 2. Í ljósi úrskurðar kærunefndar útboðsmála í máli nr. 32/2019 er þá Reykjavíkurborg stætt á að skilyrða frekari innkaup á umferðarstýringum þegar MSU stjórnölvun var keypt með ólöglegum hætti? 3. Liggur fyrir samningur milli Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar í ljósastýringarmálum þar sem framkvæmdir, kostnaður og ábyrgð er sundurliðuð. a. Ef ekki – hvers vegna? b. Hvernig hefur þessu verið háttað og hver ákveður hver hlutur Reykjavíkur, Vegagerðar og annarra sveitafélaga er? c. Ef upp kemur ágreiningur, hvernig er hann leystur? 4. Hver er heildarkostnaður á búnaði, forritun á forgangskerfi Strætó og öryggisaðila? Þar með talið búnaður sem staðsettur er í forgangsbifreiðar. a. Var farið í útboð á því á einhverjum tímapunkti? b. Ef ekki – hvers vegna? c. Hvað eru mörg gatnamót með forgangsstýringu og hver er áætlaður kostnaður á hver gatnamót? 5. Hvað hefur Reykjavíkurborg notað mikla fjármuni til umferðarstýringa frá árinu 2000 sundurgreint eftir árum? a. Umferðarstýringar b. Forgangskerfi c. Annar umferðarbúnaður d. Kaup á þjónustu og annar kostnaður vegna viðhalds og starfrækslu búnaðarins í liðum a-d. e. Hvaða fyrirtæki hafa fengið þessi viðskipti? 6. Er það rétt að útboðið árið 2019 var fyrsta útboðið á vörum og þjónustu vegna umferðarstýringar frá árinu 2005? a. Er það rétt að samningar sem gerðir voru í kjölfar útboðsins 2005 hafi runnið út 2010? b. Hver er skýringin á því að kaup voru gerð án útboðs eftir 2010? 7. Hverjar verða ráðstafanir meirihlutans til að koma í veg fyrir að borgin fái á sig fleiri stjórnvaldssektir sambærilegri og í úrskurði 32/2019. 8. Hvar liggur ábyrgðin í þessu tilfalli? 9. Hvernig sér meirihluti borgarstjórnar fyrir sér að skipulag og framkvæmd í umferðarstýringum verði háttað í framtíðinni og hvernig ætlar borgin að sjá til að þess að samkeppnislögum verði framfylgt í þessum málaflokki?“

Fjármála- og áhættustýringarsvið leitaði svara við fyrirspurninni til borgarlögmans og umhverfis- og skipulagssviðs sem hafa farið með málið m.a. fyrir kærunefnd útboðsmála. Hér að neðan má finna svör þeirra.

1. Hvers vegna fór Reykjavíkurborg í innkaup á MSU - miðlægri stýritölvu umferðar - svo stuttu fyrir undirritun samgöngusáttmálans og í að auglýsa rammasamning 14356 degi fyrir staðfestingu borgarinnar á sáttmálanum?

Innkaup á miðlægri stýritölvu umferðarljósa (MSU) voru gerð í janúar 2006, í kjölfar útboðs nr. 10603 í október 2005 (New Traffic Signal System in Reykjavik 2005). Síðan þá hefur stýritölvan verið uppfærð í nokkur skipti, bæði vélbúnaður og hugbúnaður, óháð samgöngusáttmálanum. Vinna við undirbúning útboðs nr. 14356 (Rammasamningur um stýribúnað umferðarljósa) hófst í lok árs 2018. Þeirri vinnu lauk haustið 2019 og útboðið auglýst strax í kjölfarið. Allt ferlið var óháð vinnu við samgöngusáttmálann. Umrædd uppfærsla á stýritölvu tengist því hvorki umræddum rammasamningi né samgöngusáttmála frá 26. september 2019.

- a. Er það eðlilegt að strax í kjölfarið að fara í útboð á rammasamning upp á fleiri hundruð milljóna sem skilyrt voru þessari sömu stjórnölvu?

Í útboðsgögnum útboðs nr. 14356 (Rammasamningur um stýribúnað umferðarljósa) er samkvæmt grein 2.2 þeirra m.a. gerð sú krafa til boðins búnaðar að hann geti átt í samskiptum við miðlæga stýritölvu MSU, sbr. nánar grein 2.1.1.2 útboðsgagna. Tilgangur umrædds útboðs var einungis að bjóða út stýrikassa umferðarljósa, skynjara, ljósker og hnappabox en ekki miðlægan stjórnubúnað, þ.m.t. endurnýjun á MSU. Ljóst var að endurnýjun á MSU myndi nema mun hærri fjárhæð en uppfærsla á henni. Ekki var nauðsynlegt að endurnýja miðlægan stýribúnað í heild sinni svo gæta mætti að samkeppnissjónarmiðum enda ljóst að búnaður frá mismunandi framleiðendum á markaði gat átt samskipti við MSU. Af þeim sökum var nauðsynlegt að gera þá kröfu til bjóðenda að sá búnaður er þeir hygðust bjóða í rammasamningsútboðinu gæti átt í samskiptum við MSU. Með vísan til alls framangreinds liggur ljóst fyrir að í því skilyrði skilmála fólst engin samkeppnishindrun. Rétt er að geta þess að í úrskurðum og ákvörðunum kærunefndar útboðsmála tengdum útboði nr. 14356 (Rammasamningur um stýribúnað umferðarljósa) er hvergi gerð athugasemd við kröfu Reykjavíkurborgar til boðins búnaðar um samskipti við MSU.

- b. Stendur borgarstjóri við þessa ákvörðun og telur hann að hún hafi verið rétt og réttmæt?

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar þá ber kaupandi ábyrgð á gerð þarfagreiningar og gerð útboðsgagna í aðdraganda þeirra innkaupa sem hann hyggst framkvæma. Þá er samkvæmt 1. mgr. 6. gr. ábyrgð á að innkaup séu í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar og lög um opinber innkaup á hendi viðkomandi kaupanda sem er í þessu tilviki umhverfis- og skipulagssvið en ekki borgarstjóri.

2. Í ljósi úrskurðar kæruneftndar útboðsmála í máli nr. 32/2019 er þá Reykjavíkurborg stætt á að skilyrða frekari innkaup á umferðarstýringum þegar MSU stjórn tölvan var keypt með ólöglegum hætti?

Í umræddum úrskurði kæruneftndar útboðsmála er ekki verið að fjalla um kaup á MSU heldur annars vegar kaup Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar á vélbúnaði og hugbúnaði auk þjónustusamnings vegna uppfærslu á MSU og hins vegar framangreint útboð á rammamálum. Eins og áður greinir var MSU keypt árið 2006 í kjölfar útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu árið 2005. Engin vafi er um lögmæti þeirra innkaupa. Áréttað er það sem fram kemur í svari við spurningu 1.a. um kröfur útboðsgagna til boðins búnaðar, þ.e. að kæruneftnd útboðsmála gerði ekki athugasemdir við efni þeirra.

3. Liggur fyrir samningur milli Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar í ljósastýringarmálum þar sem framkvæmdir, kostnaður og ábyrgð er sundurliðuð.

Munnlegt samkomulag er á milli aðila um fyrirkomulag umferðarljósastýringar, þ.m.t. framkvæmdir, kostnaður og ábyrgð. Almenna reglan er að framkvæmd, kostnaður og ábyrgð er á höndum þess sem fer með veghald á ljósastýrðum gatnamótum. Ef það eru fleiri en einn veghaldari á þeim götum sem liggja að gatnamótunum, er skiptingin samkvæmt eignahlutfalli þeirra. Jafnframt er munnlegt samkomulag á milli Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar um greiðslur Vegagerðarinnar fyrir vinnu starfsmanna Reykjavíkurborgar við umferðarljósastýringar á þjóðvegum. Þess skal getið að í aðgerðaáætlun samstarfshóps um umferðarljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu, sem komið var á fót 10. nóvember 2020, snýr ein aðgerðin að því að formfesta fyrirkomulag á umferðarljósastýringu milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og er áætlað að þeirri vinnu ljúki á árinu 2021.

- a. Ef ekki – hvers vegna?

Vísað er til svars við spurningu 3.

- b. Hvernig hefur þessu verið háttað og hver ákveður hver hlutur Reykjavíkur, Vegagerðar og annara sveitafélaga er?

Kostnaðarskipting vegna umferðarljósa milli Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar er ákveðin í sameiningu og er almenna reglan að hlutur hvers veghaldara er í samræmi við eignahlutfall gatna sem liggja að ljósagatnamótunum. Reykjavíkurborg hefur ekki upplýsingar um kostnaðarskiptingu á milli Vegagerðarinnar og annarra sveitarfélaga.

- c. Ef upp kemur ágreiningur, hvernig er hann leystur?

Ekki hefur komið upp ágreiningur. Slíkur ágreiningur yrði væntanlega leystur sem samtali á milli aðilanna, t.d. á reglulegum samráðsfundum, eða með beinum samskiptum.

4. Hver er heildar kostnaður á búnaði, forritun á forgangskerfi Strætó og öryggisaðila? Þar með talið búnaður sem staðsettur er í forgangsbifreiðar.

Sumarið 2016 voru gerðar breytingar á stýribúnaði umferðarljósanna og STREAM-forgangskerfi (e. Simple Tracking Real-time Application for Managing traffic lights) tekið í notkun. Um er að ræða viðbót við núverandi stýrikerfi umferðarljósanna. Heildarkostnaður Reykjavíkurborgar við innleiðingu á STREAM var 15.486.450 kr. árið 2015 og 1.760.057 kr. árið 2016, að meðtöldum virðisaukaskatti. Undanskilinn er kostnaður við endurforritun stýrikassa umferðarljósanna sem var óháð innleiðingu á STREAM. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Strætó bs. báru sjálf kostnað af uppsetningu kerfisins í eigin ökutæki.

- a. Var farið í útboð á því á einhverjum tímapunkti?

Sjá framangreind svör. Á fundi innkauparáðs 20. febrúar 2015 var samþykkt heimild umhverfis- og skipulagssviðs til kaupa á “STREAM” búnaði frá Siemens / Smith og Norland hf. fyrir MSU.

- b. Ef ekki – hvers vegna?

Hinn 5. desember 2014 undirrituðu Reykjavíkurborg, Vegagerðin, Strætó og SHS samkomulag um kostnaðarskiptingu vegna forgangskerfis neyðarbíla og almenningsvagna (STREAM). Í bréfi dags. 10. desember 2014 óskaði skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds eftir heimild borgarráðs um kaup á búnaði vegna STREAM, sem var kynnt í umhverfis- og skipulagsráði þann 2. júlí 2014. Borgarráð heimilaði kaupin á fundi sínum þann 18. desember 2014. Í bréfi dags. 18. febrúar 2015 óskaði skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds eftir heimild innkauparáðs um kaup á búnaði vegna STREAM. Innkauparáð samþykkti þessi kaup, eins og áður greinir, á fundi sínum 20. febrúar 2015.

- c. Hvað eru mörg gatnamót með forgangsstýringu og hver er áætlaður kostnaður á hver gatnamót?

Það eru 49 gatnamót með forgangsstýringu. Forgangsstýring krefst ekki sérstaks viðbótarbúnaðar af hálfu Reykjavíkurborgar. Því er aðallega um að ræða forritunarvinnu hjá framleiðanda, sem áætlað er að kosti á bilinu kr. 500.000,- til kr. 600.000,- fyrir hver gatnamót. Sá kostnaður skiptist eftir því sem greinir í svari við spurningu 3 og er um einskiptikostnað að ræða.

5. Hvað hefur Reykjavíkurborg notað mikla fjármuni til umferðarstýringa frá árinu 2000 sundurgreint eftir árum?

Eftirfarandi eru upplýsingar um verkefni og verkbeiðnanúmer sem tengjast umferðarljósum, ásamt upplýsingum úr Agresso, fjárhagskerfi Reykjavíkurborgar. Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á kostnaði eftir ártali, verk og verkbeiðni og lykklum sem og fjárhæðir sem hafa farið á milli Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar vegna fyrrnefndra verkþátta. Þá fer hér á eftir upptalning á þeim fyrirtækjum sem sinnt hafa verkefnum þessum. Að öðru leyti er ekki unnt að sundurliða kostnað nánar.

Verk	Verkbeiðnanr.	Þjóðvegir, hluti RVK og aðrar umferðargötur - Kostnaðarstaður 3102
30252		Umferðarljós
	186427	Mýrargata-Seljavegur - Umferðarljós
	180505	Umferðarljós, rammisamningur (fært af 30204)
	102664	Umferðarljós miðlæg stýring - Undirbúningur (fært af 30204)
	065723	Umferðarljós miðlæg stýring - Hönnun (fært af 30204)
	065832	Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd (fært af 30204)
	102684	Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun) Undirbúningur (fært af 30602)
	102926	Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun) Hönnun (fært af 30602)
	195778	Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun) Innkaup á umferðarljósabúnaði
	065081	Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun) Framkvæmd (fært af 30602)
	105877	Umferðarljós - Undirbúningur (fært af 30815)
	105899	Umferðarljós - Hönnun (fært af 30815)
	195779	Umferðarljós - Innkaup á umferðarljósabúnaði
	105900	Umferðarljós - Framkvæmd (fært af 30815)
	174242	Geirsgata, aðkoma að lóð Landsbankans, umferðarstýringar (fært af 30815)
	173019	Umferðarljós Sæbraut v Katrínartún og Snorrabraut-Endurnýjun umferðarljósa (af30815)



Sundurliðun eftir árum og verkbeiðni	Upphæð
2006	97.910.165 kr
065079 Gangbrautarljós umferðarörygg,-Undirbúningur	65.550 kr
065080 gangbrautarljós (Umferðaröryggáætl)-Hönnun	455.567 kr
065081 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætl)-Framkvæmd	3.439.524 kr
065120 Undirbúningur - Umferðarljós 20067	365.700 kr
065121 Umferðarljós - Hönnun	78.000 kr
065122 Umferðarljós - Framkvæmd	8.647.786 kr
30204 Umferðartölva (umferðaröryggisáætlun)	83.715.437 kr
30602 Gangbrautarljós (Umferðaröryggisáætlun)	172.650 kr
30815 Umferðarljós 2006	969.951 kr
2007	77.390.231 kr
	0 kr
065080 gangbrautarljós (Umferðaröryggáætl)-Hönnun	9.028 kr
065081 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætl)-Framkvæmd	9.000.033 kr
065120 Undirbúningur - Umferðarljós 20067	1.243.340 kr
065122 Umferðarljós - Framkvæmd	1.360.216 kr
30204 Umferðartölva (umferðaröryggisáætlun)	65.700.100 kr
30815 Umferðarljós 2006	77.514 kr
2008	72.745.780 kr
065079 Gangbrautarljós umferðarörygg,-Undirbúningur	287.334 kr
065080 gangbrautarljós (Umferðaröryggáætl)-Hönnun	335.337 kr
065081 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætl)-Framkvæmd	16.358.210 kr
065120 Undirbúningur - Umferðarljós 20067	417.690 kr
065121 Umferðarljós - Hönnun	642.916 kr
065122 Umferðarljós - Framkvæmd	10.189.039 kr
065723 Umferðaljós miðlæg stýring - Hönnun	3.552.978 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	76.509.336 kr
073410 Umferðaljós miðlæg stýring - VERÐBÆTUR	2.360.861 kr
30204 Umferðartölva (umferðaröryggisáætlun)	-37.907.921 kr
2009	45.479.219 kr
065080 gangbrautarljós (Umferðaröryggáætl)-Hönnun	409.558 kr
065081 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætl)-Framkvæmd	46.474 kr
065121 Umferðarljós - Hönnun	7.452 kr
065122 Umferðarljós - Framkvæmd	9.655.546 kr
065723 Umferðaljós miðlæg stýring - Hönnun	1.214.800 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	12.113.496 kr
073549 Umferðaljós miðlæg stýring - Óskiptir reikningar	21.807.105 kr
30204 Umferðartölva (umferðaröryggisáætlun)	224.789 kr
2010	17.618.615 kr
065080 gangbrautarljós (Umferðaröryggáætl)-Hönnun	1.067.649 kr
065081 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætl)-Framkvæmd	15.052.524 kr
065122 Umferðarljós - Framkvæmd	805.223 kr
065723 Umferðaljós miðlæg stýring - Hönnun	147.415 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	-894.718 kr
073549 Umferðaljós miðlæg stýring - Óskiptir reikningar	1.440.522 kr

2011	33.419.232 kr
065121 Umferðarljós - Hönnun	1.358.542 kr
065122 Umferðarljós - Framkvæmd	1.858.378 kr
065723 Umferðaljós miðlæg stýring - Hönnun	659.801 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	29.542.511 kr
2012	25.060.590 kr
065081 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætl)-Framkvæmd	6.147.936 kr
065121 Umferðarljós - Hönnun	1.476.534 kr
065122 Umferðarljós - Framkvæmd	515.007 kr
065723 Umferðaljós miðlæg stýring - Hönnun	121.819 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	16.799.294 kr
2013	60.052.400 kr
065081 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætl)-Framkvæmd	24.006.987 kr
065121 Umferðarljós - Hönnun	2.481.705 kr
065122 Umferðarljós - Framkvæmd	9.402.028 kr
065723 Umferðaljós miðlæg stýring - Hönnun	1.176.534 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	23.179.327 kr
079633 Óhverfatengt: Miðlæg stýring umferðaljósa	-194.181 kr
2014	33.872.246 kr
065081 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætl)-Framkvæmd	13.550.310 kr
065122 Umferðarljós - Framkvæmd	127.577 kr
065723 Umferðaljós miðlæg stýring - Hönnun	2.545.033 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	15.859.772 kr
102664 Umferðljós miðlæg stýring - Undirbúningur	750.000 kr
102926 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun) Hönnun	1.039.554 kr
2015	45.241.866 kr
065081 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætl)-Framkvæmd	6.365.997 kr
065723 Umferðaljós miðlæg stýring - Hönnun	453.888 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	36.111.556 kr
102664 Umferðljós miðlæg stýring - Undirbúningur	818.503 kr
102684 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun) - Undirbúningur	1.297.657 kr
102926 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun) Hönnun	194.265 kr
2016	57.213.255 kr
065081 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætl)-Framkvæmd	20.162.473 kr
065723 Umferðaljós miðlæg stýring - Hönnun	41.098 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	21.700.420 kr
102664 Umferðljós miðlæg stýring - Undirbúningur	2.941.967 kr
102684 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun) - Undirbúningur	800.000 kr
105877 Umferðarljós - Undirbúningur	3.175.420 kr
105899 Umferðarljós - Hönnun	19.516 kr
105900 Umferðarljós - Framkvæmd	8.372.361 kr
2017	84.211.406 kr
065081 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætl)-Framkvæmd	15.077.953 kr
065723 Umferðaljós miðlæg stýring - Hönnun	157.713 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	55.168.835 kr
102664 Umferðljós miðlæg stýring - Undirbúningur	3.004.743 kr
102684 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun) - Undirbúningur	1.909.382 kr
105877 Umferðarljós - Undirbúningur	2.129.745 kr

105899 Umferðarljós - Hönnun	32.553 kr
105900 Umferðarljós - Framkvæmd	6.730.482 kr
2018	61.744.258 kr
065081 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætl)-Framkvæmd	256.632 kr
065723 Umferðaljós miðlæg stýring - Hönnun	11.144 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	26.913.541 kr
102664 Umferðljós miðlæg stýring - Undirbúningur	3.569.524 kr
102684 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun) - Undirbúningur	1.620.371 kr
102926 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun) Hönnun	176.764 kr
105877 Umferðarljós - Undirbúningur	2.040.742 kr
105899 Umferðarljós - Hönnun	2.810.493 kr
105900 Umferðarljós - Framkvæmd	11.170.612 kr
164087 Umferðarljós - Eiríksgrata Snorrabraut	13.174.435 kr
2019	138.242.974 kr
065081 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætl)-Framkvæmd	12.688.402 kr
065723 Umferðaljós miðlæg stýring - Hönnun	103.203 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	45.260.779 kr
102664 Umferðljós miðlæg stýring - Undirbúningur	5.492.649 kr
102926 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun) Hönnun	1.479.630 kr
105877 Umferðarljós - Undirbúningur	1.500.000 kr
105899 Umferðarljós - Hönnun	1.600.760 kr
105900 Umferðarljós - Framkvæmd	18.081.880 kr
164087 Umferðarljós - Eiríksgrata Snorrabraut	33.354.471 kr
169763 Umferðarljós - Laufásvegur Gamla Hringbraut - Framkvæmd	10.014.142 kr
173019 Sæbraut við Katrínartún og Snorrabraut-Endurnýjun umferðarljósa	8.416.150 kr
174242 Geirsgata, aðkoma að lóð Landsbankans, umferðarstýringar	173.993 kr
180505 Umferðarljós, rammasamningur	76.916 kr
2020	35.258.878 kr
065081 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætl)-Framkvæmd	1.646.887 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	12.094.684 kr
102664 Umferðljós miðlæg stýring - Undirbúningur	6.009.804 kr
102684 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun) - Undirbúningur	1.000.000 kr
102926 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun) Hönnun	132.000 kr
105877 Umferðarljós - Undirbúningur	1.000.000 kr
105899 Umferðarljós - Hönnun	382.514 kr
105900 Umferðarljós - Framkvæmd	11.431.600 kr
173019 Sæbraut við Katrínartún og Snorrabraut-Endurnýjun umferðarljósa	1.335.219 kr
186427 Mýrargata-Seljavegur - Umferðarljós	226.170 kr
2021	88.603.940 kr
065081 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætl)-Framkvæmd	46.638 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	3.103.047 kr
102664 Umferðljós miðlæg stýring - Undirbúningur	20.329 kr
102926 Gangbrautarljós (umferðaröryggisáætlun) Hönnun	3.613.597 kr
105899 Umferðarljós - Hönnun	6.161.570 kr
105900 Umferðarljós - Framkvæmd	75.658.759 kr
Samtals	974.065.054 kr

Taflan að neðan sýnir sundurliðun eftir lykllum:

Lyklar	Upphæð
4599 Aðrar sértekjur	8.127.745 kr
5115 Eigin vinna á verk	8.563.909 kr
5116 Eigin vinna - umsjón og eftirlit	3.762.096 kr
5161 Vinnufatnaður	2.182 kr
5170 Ýmis starfsmannakostnaður	572.836 kr
5211 Ritföng, pappír og aðrar skrifstofuvörur	24.825 kr
5223 Jarðefni, malbik og önnur yfirborðsefni	126.565 kr
5226 Raflagnaefni, ljósabúnaður	19.088 kr
5233 Malbik, olímöl og önnur yfirborðsefni	867.760 kr
5249 Önnur vörukaup	9.619.124 kr
5260 Varahlutir v.bifreiða, tækja og áhalda	14.708 kr
5262 Verkfæri	29.665 kr
5272 Bensín, gas, olíur og annað eldsneyti	2.869 kr
5415 Flokkabílar	385.649 kr
5417 Sendibílar - vöruflutningar	5.039 kr
5420 Viðskipta-, hag-, lögfræðingar	750.000 kr
5422 Verkfræðingar og tæknifræðingar	57.893.782 kr
5423 Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	7.549.139 kr
5430 Sérfræðiþjónusta án vsk	1.014.108 kr
5433 Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta	1.029.865 kr
5438 Eftirlit sérfræðinga	12.419.786 kr
5439 Önnur sérfræðiþjónusta	20.568.422 kr
5454 Sorphirða og gámaþjónusta	16.694 kr
5465 Þjónustugjöld banka (gíró o.fl.)	6.800 kr
5471 Auglýsingar (birting)	134.299 kr
5472 Ljósmyndun, myndbanda- og kvikmyndagerð	49.675 kr
5490 Prentun, fjölrítun, bókbönd, ljósritun og skönnun	189.690 kr
5491 Póstburðargjöld, vöru og hraðflutningar	593.116 kr
5503 Síma- og fjarskiptagjöld	19.152 kr
5504 Afnotagjöld af línunum og gagnatengingum	2.608 kr
5524 Vörubílar, dráttarbílar, festivagnar	145.340 kr
5525 Vélaleiga	11.800.415 kr
5540 Húsasmíði	110.590 kr
5541 Járnsmiði	1.510.795 kr
5542 Blikksmiði	2.308.125 kr
5544 Pípulögn	18.100 kr
5545 Raflögn	123.718.045 kr
5546 Múrverk	71.712 kr
5548 Jarðvinna og yfirborðsfrágangur	13.931.901 kr
5549 Vinna Orkuveitu Reykjavíkur	2.708.473 kr
5552 Viðhald og endurnýjun tölvubúnaðar	1.217.034 kr
5553 Viðhalds- og þjónustusamningur	6.652.178 kr
5554 Viðhald skrifstofuvéla, áhalda og innanstokksmuna	10.134 kr
5556 Endurnýjun áhalda, búnaðar og innréttinga	94.385 kr
5557 Lóð	13.212 kr

5558 Önnur aðkeypt vinna	19.832.625 kr
5560 Útboðsverk	368.612.192 kr
5561 Útboðsverk, verðbætur	2.704.645 kr
5562 Útboðsverk, aukaverk	9.237.221 kr
5564 Útboðsverk, kostnaður, auglýsingar, þóknun	77.184 kr
5566 Samningskaup	170.416.793 kr
5589 Önnur tæki og búnaður	26.670.777 kr
5593 Kostnaðarhlutdeild í sameiginl. skrifstofuþjónustu	1.300.000 kr
5594 Kostnaðarhlutdeild í verklegum framkvæmdum	-30.834.862 kr
5599 Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegum rekstri	1.643.904 kr
5601 Milliviðskipti eigin vinna á verk	52.565.504 kr
5602 Milliviðskipti umsjón og eftirlit á verk	42.678.782 kr
5612 Milliviðskipti bifreiðar, vélar og tæki	8.239.864 kr
5710 Fundargjöld	142.426 kr
5711 Ráðstefnugjöld	245.744 kr
5712 Skólagjöld og námskeiðsgjöld	1.650.781 kr
5719 Flug, gisting, upphald ofl. v/annarra en starfsmanna	176.680 kr
5769 Eftirlitsgjöld og önnur opinber gjöld	33.159 kr
Samtals	974.065.054 kr

Neðangreind tafla sýnir fjárhæðir sem hafa farið á milli Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar vegna fyrrnefndra verkþátta:

Vegagerðin	Upphæð
2007	-13.816.014 kr
30204 Umferðartölva (umferðaröryggisáætlun)	-13.816.014 kr
2008	-76.816.080 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	-34.639.871 kr
30204 Umferðartölva (umferðaröryggisáætlun)	-42.176.209 kr
2009	-8.059.454 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	-8.059.454 kr
2010	-14.759.371 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	-14.759.371 kr
2011	3.068.829 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	3.068.829 kr
2012	-68.111 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	-68.111 kr
2013	-194.181 kr
079633 Óhverfatengt: Miðlæg stýring umferðaljósa	-194.181 kr
2015	-40.990 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	-40.990 kr
2019	-9.122.040 kr
065832 Umferðarljós miðlæg stýring - Framkvæmd	-732.003 kr
105900 Umferðarljós - Framkvæmd	-8.390.037 kr
Samtals	-119.807.412 kr

Eftirtalin fyrirtæki hafa sinnt áðurgreindum verkefnum:

Almenna verkfræðistofan hf., Alþjóðasetur ehf., Áberandi ehf. (Frank og Jói), Ásgeir Einar Steinarnsson, B.M.Vallá ehf., Bakarameistarinn ehf., BB-skilti ehf., Berg Verktakar ehf., Bergþór ehf., Bílasmiðurinn hf., Bjarni Einarsson, Bjóssi ehf., Byko hf., DHL Express Iceland ehf., Efla hf., Einar Guðnason, Eitt stopp ehf., Fagkaup ehf., Fagverk verktakar ehf., Fasteignastofa Reykjavíkurborg, Fossberg ehf., G. M. Verk ehf., Garðar og vélar ehf., Garðyrkjuþjónustan ehf., Gísli Þórður Geir Magnússon, Grip ehf., Guðmundur Arason ehf., Gunnar & Trausti-Merkismenn ehf., Hagi ehf., Hansen & Henneberg., Hlutafélagið Eimskipafélag Ísl, Hnit hf., Húsasmiðjan, Húsasmiðjan hf., Industria ehf., Industria fjarskiptalagnir ehf., Íhlutir ehf., ÍSA stál ehf., Íslandsgarðar ehf., Íslandshótel hf., Ísól ehf., Jugis ehf./icelandic networks, Kurl ehf., Kurl Vegsögun ehf., Körfuberg ehf., Línuborun ehf., Loftorka Reykjavík ehf., Lota ehf., Lóðaðþjónustan ehf., Mannvit hf., Málmsteypa Þorgríms Jónss ehf., Merking ehf., Mest ehf., Miðbæjarradíó ehf., Motormax ehf., Netop Business Solutions A/S, Oddi skrifstofuvörur ehf., Olíufélagið ehf., Olíuverslun Íslands hf., ON Power ohf., Opin kerfi ehf., Origo hf., Orkuveita Reykjav - Veitur ohf., Orkuveita Reykjavíkur, Plastprent hf., Prenttorg ehf., Raftækniþjónusta Trausta ehf., Reykjafell hf., Reykjalandur - plastiðnaður ehf., Reykjavíkurborg, Reykjavíkurborg - eignasjóður, RT ehf., S.Guðjónsson ehf., Samsýn ehf., Sam-verktakar ehf., Sandblástur og málmhúðun hf., Sensa ehf., Siemens AG, Síminn hf., Símvirkinn ehf., Smiðjustál ehf., Reykjavík, Smith og Norland hf., Spennubreytar ehf., Spíssar ehf., Stansverk ehf., Mosfellsbæ, Stefanía Þórarinsdóttir, Steingarður ehf., Steinmótun ehf., Sveinbjörn Þór Jónsson, Sýn hf., Tölvulistinn ehf., Tölvutek ehf., Útlagt, V.S.Ó. Ráðgjöf ehf., Vatnsvirkinn hf., Vegagerðin, Verkís hf., Vélaleiga A.Þ ehf., Vélaleiga Ámunda sf., Vélækni hf., VHS ehf., Vinnustofan Þverá ehf., Vörubílastöðin Próttur hf., Wurth á Íslandi ehf., ÞÞ-Veitingar ehf.

6. Er það rétt að útboðið árið 2019 var fyrsta útboðið á vörum og þjónustu vegna umferðarstýringar frá árinu 2005?

Eins og greinir í svari við lið 1. a. þá var tilgangur útboðs á rammamningi um stýribúnað umferðarljósá einungis sá að bjóða út stýrikassa umferðarljósá, skynjara, ljósker og hnappabox en ekki miðlægjan stjórnúnað. Ekki hefur verið þörf á að bjóða út MSU að nýju frá því hún var keypt árið 2006.

- a. Er það rétt að samningar sem gerðir voru í kjölfar útboðsins 2005 hafi runnið út 2010?

Samningur um þjónustu við þann búnað sem keyptur var í kjölfar útboðsins frá 2005 rann sitt skeið árið 2010 en var endurnýjaður árið 2017. Á hinn bóginn renna sjálf vörukaupin, sem fram fóru á grundvelli útboðsins 2005, ekki út, þ.e. kaup á stýritölvu MSU frá Siemens, þar sem Reykjavíkurborg og Vegagerðin eiga þann búnað og nota áfram um ókomna tíð. Samningar um vörukaup eru ekki tímabundnir og renna því ekki út.

- b. Hver er skýringin á því að kaup voru gerð án útboðs eftir 2010?

Um er að ræða mismunandi kaup og samninga um vöru, þjónustu og verk sem tengjast ekki einungis stýringu umferðarljósa heldur m.a. framkvæmdir á gatnamótum og nærumhverfi. Umrædd kaup voru ýmist undir viðmiðunarfjárhæðum fyrir útboðsskyldu eða á grundvelli annarra heimilda fyrir beinum samningskaupum.

7. Hverjar verða ráðstafanir meirihlutans til að koma í veg fyrir að borgin fái á sig fleiri stjórnvaldssektir sambærilegri og í úrskurði 32/2019.

Reykjavíkurborg hefur þegar stefnt umræddum úrskurði til ógildingar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Eftir sem áður eru ríkar eftirlitsskyldur samkvæmt innkaupareglum Reykjavíkurborgar sem tóku í gildi 31. maí 2019. Í reglunum er m.a. mælt fyrir um eftirlit fagráða Reykjavíkurborgar með innkaupum sem og úrræði eininga innan Reykjavíkurborgar vakni grunur um brot gegn reglunum eða lögum um opinber innkaup.

8. Hvar liggur ábyrgðin í þessu tilfelli?

Samkvæmt 6. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar þá er ábyrgð á að innkaup séu í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar og ákvæði laga um opinber innkaup á hendi viðkomandi kaupanda hjá Reykjavíkurborg. Kaupandi í þessu tilviki var umhverfis- og skipulagssvið.

9. Hvernig sér meirihluti borgarstjórnar fyrir sér að skipulag og framkvæmd í umferðarstýringum verði háttað í framtíðinni og hvernig ætlar borgin að sjá til að þess að samkeppnislögum verði framfylgt í þessum málaflokki?

Vísað er til fyrri svara. Engar ávirðingar hafa komið fram um að Reykjavíkurborg hafi brotið gegn samkeppnislögum við kaup tengd umferðarstýringum. Reykjavíkurborg mun eftir sem áður fylgja innkaupareglum og lögum um opinber innkaup við einstök kaup tengd umferðarstýringum.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.